

**Nd.**

### **51. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Breytingin á fátækralögunum, sem í frv. felst, að styrkur veittur vegna elli skuli ekki varða rjettindamissi, getur að mínu álit eigi verið varhugaverð, hvernig sem á málið er litið. En það ranglæti er leiðrjett með breytingunni, að menn, er unnið hafa sveitarfelagi sínu alt það gagn, er þeir máttu, öll manndómsár sín, verði, að því er snertir þátttöku í opinberum málum, settir á bekk með glæpamönnum, ef þeir á elliárum neyðast til að »þiggja af sveit«.

Þótt undarlegt megi virðast, vill meiri hluti allsherjarnefndar eigi fallast á frv. Ber meiri hlutinn fyrir sig þá ástæðu, að nú væri verið að endurskoða fátækralöggjöfina, og því ætti eigi að samþykkja þessa breytingu. En sje þessi breyting bæði rjettlát og sanngjörn, sem mjer heyrir flestir vilja samsinna, þá sje jeg ekki neina ástæðu til þess að skjóta henni á frest, þótt von sje un, að fram komi á næsta þingi eða næstu þingum einhverjar breytingar á fátækralögunum.

Það er því tillaga mín, að frv. á þskj. 26 verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. febrúar 1926.

Jón Baldvinsson.